

Garðfuglakönnun 2005-06

Að þessu sinni sendu 16 félagar inn niðurstöður. Af reglulegum íslenskum varpfuglum sáust skógarpræstir og snjótittlingar í flestum görðum og allir athugendur sáu þær tegundir í garði sínum. Eins og undanfarin ár þá er hrafninn nokkuð tíður gestur í görðum athugenda (81,3%) en auðnutittlingur sést hjá aðeins færri athugendum en hrafninn (75%). Stari var skráður hjá 11 þátttakendum (68,8%). Smyrlar létu sjá sig í görðum fimm athugenda og einnig svartpræstir. Sílamáfur er hins vegar nýr á lista yfir þá fugla sem sjást í þremur görðum eða fleiri, en þeir eiga það til að kíkja inn í garða eftir brauðmolum og öðru ætilegu á vorin. Á haustin sjást þeir aldrei þar sem athuganir byrja eftir að þeir eru farnir til vetrarstöðvanna.

1. tafla. Tíðni algengustu tegunda á athugunarstöðum í Garðfuglakönnun veturinn 2005-06. Þátttakendur voru 16.

Tegund	Garðar	%
Skógarpræstur	16	100
Snjótittlingur	16	100
Hrafn	13	81,3
Auðnutittlingur	12	75,0
Stari	11	68,8
Hettusöngvari	7	43,8
Silkittoppa	6	37,5
Smyril	6	37,5
Svartpræstur	6	37,5
Músarrindill	6	37,5
Grápræstur	5	31,3
Hettumáfur	4	25,0
Sílamáfur	4	25,0

Flækingsfuglar sem sáust þetta athugunartímabil voru frekar fáir. Bókfinka sást í einum garði, fjallfinka sást í tveimur görðum, hettusöngvari kom aftur inn á lista yfir algenga fugla og silkittoppur voru einnig áberandi eins og veturinn 2004-05 (1. tafla).

Ein ný tegund sást á athugunartímabilinu en það var sportitlingur. Óskar J. Sigurðsson vitavörður í Stórhöfða sá hann í garðinum við vitann. Þennan vetur höfðu verið skráðar 73 tegundir í görðum frá því að athuganir hófust veturinn 1994-95. Þetta eru miklu fleiri tegundir en umsjónarmenn bjuggust við að kæmu í garða landans. Margir þessara fugla hafa einungis sést á einu athugunartímabili og koma að öllu jöfnu mjög sjaldan í garða, eins og t.d. himbrimi, heiðagæs og jaðrakan. Staðsetningu og aðstæðum í hverjum garði hafa mikil áhrif á hve margar fuglategundir sjást í hverjum einum garði en þennan vetur var þetta á bilinu 5 til 15 fuglategundir. Ein tegund er það minnsta sem skráð hefur verið yfir eitt athugunartímabil en

oftast er lágmarksfjöldinn fjórar eða fimm tegundir fugla. Þetta athugunartímabil sá Örn Óskarsson á Selfossi flestar fuglategundir (15), næstur honum var Jóhann Óli Hilmarsson á Stokkseyri, en hann sá 13 tegundir. Þennan vetur sáu þátttakendur frekar fáar tegundir í görðum sínum og var meðaltalið 8,7. Einungis einu sinni áður hefur það verið jafn lágt en það var veturinn 2002-03. Kannski mátti rekja það til þess að lítið af flækingsfuglum kom um haustið? Einnig gæti spilaði inn í að veturinn var óvenjulega hlýr. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofunni þá var veturinn 2005-06, bæði á Akureyri og í Reykjavík, sá fjórði hlýjasti frá því að mælingar hófust. Líklega sækja fuglar síður í garða og fóður ef vetur er hlýr og á það jafnt við um íslenska varpfugla og flækingsfugla. Með því að kafa frekar ofan í gögn sem safnast hafa í Garðfuglaskoðun má fá upplýsingar um hvaða áhrif veður hefur á ásókn fugla í garða landsmanna að vetrarlagi.

Ólafur Einarsson og
Örn Óskarsson 2012

1. mynd. Skógarpræstir. Ljóm:
Örn Óskarsson

